



Reykjavík 6. janúar 2022

## Niðurstaða athugunar á innheimtuháttum BPO Innheimtu ehf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hóf í apríl 2021 athugun á innheimtuháttum BPO Innheimtu ehf. (félagið).

Markmið athugunarinnar var að skoða hvort félagið uppfyllti þær skyldur sem hvíla á innheimtuaðila skv. 6. gr. innheimtulaga nr. 95/2008. Athugunin sneri að kröfusafni sem félagið keypti hinn 13. apríl 2021 sem samanstóð af kröfum vegna smálána, en kröfurnar birtust skuldurum í netbanka að kvöldi sama dags.

Fjármálaeftirlitið skoðaði hvernig félagið kannaði hvort um lögmætar kröfur væri að ræða í kröfusafninu. Óskað var eftir upplýsingum um fyrri innheimtuferli þeirra og yfirliti yfir hluta af skuldurum úr kröfusafninu. Niðurstaða lá fyrir í desember 2021.

Að sögn félagsins fólst áreiðanleikakönnun sem það framkvæmdi á kröfusafninu í því að velja kröfur handahófskennt og yfirfara þær í því skyni að sannreyna upplýsingar um kröfurnar og lögmæti þeirra. Fjármálaeftirlitinu bárust engin gögn sem staðfestu yfirferð félagsins og lágu engar skjalfestar niðurstöður fyrir um könnunina. Skoðun Fjármálaeftirlitsins á handahófskenndu úrtaki krafna, sem samanstóð af 42 lánum, úr kröfusafninu leiddi í ljós að innheimtubréf sem send voru af hálfu fyrri eigenda krafanna lágu ekki fyrir í tilviki 17 lána. Af þeim voru fjögur lán þar sem innheimtukostnaður var hluti af heildarfjárhæð krafanna, án þess að félagið hefði haft undir höndum afrit innheimtubréfa. Í ljósi þess að félagið gat ekki orðið við gagnabeiðni Fjármálaeftirlitsins og afhent afrit innheimtubréfa í öllum tilvikum var ljóst að félagið gæti ekki tryggt að skuldarar fengju afrit af áður útsendum innheimtuviðvörðunum, ef þess yrði óskað.

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins var að BPO Innheimta ehf. hafi brotið gegn 1. mgr. 6. gr. innheimtulaga nr. 95/2008 um góða innheimtuhætti með því að hefja innheimtu á kröfum í umræddu kröfusafni án þess að gera fullnægjandi könnun á kröfunum, t.a.m. innheimtukostnaði, þannig að tryggt yrði við innheimtu krafanna að BPO gæti veitt hverjum skuldara nauðsynlegar upplýsingar um grundvöll og fjárhæð kröfu.